

Mál nr. 279/2002

Málskotsaðili M (vátryggingartaki/vátryggður)
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar

Tjón á upptökuvél þann 15.07. 2002, ágreiningur um bótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.12. 2002.
2. Tjónstilkynning.
3. Bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar, dags. 02.09. 2002.
4. Tjónsannáll.
5. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar, dags. 23.12. 2002.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 789/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Samkvæmt gögnum málsins var M að handleika upptökuvél í heimsókn hjá kunningja sínum þegar hann skyndilega missti vélina í gólfíð þannig að hún eyðilagðist. M mun hafa haft hug á því að kaupa sé slíka vél.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð, það telur að ekki sé um að kenna gáleysi M heldur sé hér um óhappatilvik að ræða sem ekki sé skaðabótaskyldt samkvæmt íslenskum skaðabótareglum. Tjóninu hafi ekki verið valdið með saknæmri háttsemi.

M telur sig vera með vátryggingu sem taki ábyrgð á tjóni sem hann veldur öðrum. Upptökuvélin hafi staðið á borði, og “þar sem ég var að hugsa um að fá mér vél, tek ég vélina upp og fer að skoða hana nánar. Skyndilega missi ég vélina úr höndunum og féll vélin í gólfíð....”

Álit.

M var í heimsókn hjá kunningja sínum, sem getið er í gögnum málsins. Hann handlék upptökuvél en missti hana í gólfíð. M mun hafa verið að hugsa um að kaupa sér vél, þess vegna handlék hann vélina.

Þegar tekið er mið af framanrituðu, fyrirliggjandi gögnum, aldri M og erindagjörðum, verður að telja að það hafi verið gáleysi af honum að missa vélina úr höndum sínum. Ekki er unnt að líta svo á að hér sé um óhappatilvik að ræða. Gera verður þá kröfu til aðila, í tilviki sem þessu, að þeir gæti þess að missa ekki þá hluti sem þeir handleika. Breytir ekki framanrituðu þó hann hafi verið í heimsókn hjá kunningja sínum. Ekki er tilefni til að efast um réttmæti frásagnar M, miðað við gögn málsins. Með hliðsjón af framanrituðu má rekja tjónsatburð máls þessa til gáleysis M, sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. janúar 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.